

Upplýsingar um námskeið í símenntun

Heiti námskeiðs: Máttur kvenna – rekstur fyrirtækis - framhaldsnámskeið . Verð: 198.000

Um námskeiðið: (stutt lýsing á námskeiðinu og hvað nemandi fær út úr því). Hlekkur á ítarlegri námskeiðslýsingu í uglu þar sem það á við)

Í námskeiðinu er byggt ofan á þá færni sem nemendur unnu með í námsleiðinni Máttur kvenna – rekstur fyrirtækis. Mikið er lagt upp úr hagnýtri þjálfun í markaðssetningu á samfélagsmiðlum, öruggri tjáningu í kynningum og markaðsstarfi fyrir fyrirtæki. Við lok námskeiðs hafa nemendur útbúið vídeókynningu á fyrirtæki sínu eða hugmynd og verið í fréttaviðtali um það. Nemendur fá upptökur sínar til eignar og geta notað í fyrirtækjastarfi sínu. Nemendur fá aðgang að leiðbeiningum og leiðsögn um gerð vefverslunar. Fjallað verður um fjármögnunarmöguleika fyrirtækja. Mikið er lagt upp úr persónulegri leiðsögn. Samvera og útivist í umhverfi Bifrastar eru hluti af dagskrá vinnuhelga.

Innifalið í verði er kennsla og dagskrá vinnuhelga, gisting með morgunmat í einstaklingsherbergi á vinnuhelgum frá laugardegi til sunnudags, kvöldmatur á laugardagskvöldum og kaffiveitingar og hádegismatur á vinnuhelgum.

Fyrir hverja er námskeiðið: (segja frá markhópi námskeiðs)

Námskeiðið er sniðið að þeim sem hafa tekið þátt í náminu Máttur kvenna – rekstur fyrirtækis og vilja fá áframhaldandi hagnýta leiðsögn um fjármögnun fyrirtækis og markaðssetningu.

Aðgangskröfur:

Þátttakendur skulu hafa sótt námskeiðið Máttur kvenna – rekstur fyrirtækis.

Fyrirkomulag: (fjarnám / staðnám – dagsetningar og tímasetningar kennslu. Upplýsingar um námsmat)

Kynningarfundur verður í Reykjavík: Fimmtudaginn 3. mars kl. 17

Námið fer fram á tveimur vinnuhelgum á Bifröst: 12.-13. mars og 2.-3. apríl. Nemendur vinna sjálfir að verkefnum á milli vinnuhelga og kennsluefni verður aðgengilegt á Canvas.

Stefnumót við frumkvöðlakonur og útskrift fer fram í Sjávarklasnum 7. apríl.

Umfang námskeiðs og tengsl við annað nám: (í klst eða einingum) – hér getur komið fram ef námskeiðið er hluti af námsleið / er metið inn í annað nám

Umfang námskeiðsins jafngildir 5 framhaldsskólaeinum og geta nemendur því búist við að verja um 90-120 klst í vinnu við námskeiðið. Þar af eru um 45 klst á vinnuhelgum, kynningu og Teams fundum.

Um kennara: (menntun og reynsla tengd efni námskeiðs)

Kennarar námskeiðs eru Sirrý Arnardóttir, Jón Freyr Jóhannesson og Atli Björgvinsson.

Sirrý á að baki 30 ára farsælan feril í fjölmiðlum. Hún stýrði útvarps- og sjónvarpsþáttum um árabíl, ritstýrði tímariti, starfaði sem blaðamaður og við almannatengsl. Er með próf í félags- og fjölmiðlafræði frá Háskóla Íslands og sótti framhaldsnám á vegum Utanríkisráðuneytisins hjá bandarískri fjölmiðlasamsteypu víðs vegar um USA. Hefur skrifað 8 bækur m.a. „Örugg tjáning – betri samskipti“. Sirrý hefur rekið sig sem fyrirtæki í fjölda ára, verið framkvæmdastjóri góðgerðasamtaka, haldið fyrirlestra og námskeið víða um land og á Spáni og kennt við Háskólann á Bifröst síðan 2008. www.sirry.is

Jón Freyr Jóhannesson er lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst frá 2008. Jón Freyr hefur BSc. gráðu í tölvunarfræði, meistaragráðu í viðskiptafræði og auk þess kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskólum. Hann hefur frá 2008 kennt fjölda námskeiða í Háskólagátt, Símenntun og í háskóladeildum á Bifröst, m.a. í upplýsingatækni og stærðfræði.

Jón Freyr kenndi áður við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2000 en einnig við aðrar menntastofnanir frá 1990. Auk þess hefur hann reynslu á sviði stjórnunar og ráðgjafar á sviði stefnumótunar, upplýsingatækni, sjálfsmats fyrirtækja og gæðastjórnunar í rúm þrjátíu ár.

Áherslur Jóns Freys í rannsóknum eru á sviði kennslufræði og þróunar kennsluaðferða.

Atli Björgvinsson er stundakennari við Háskólann á Bifröst, en hann kennir námskeið um Stjórnun samfélagsmiðla. Hann er einnig markaðsráðgjafi skólans.

Styrkur: (upplýsingar um hvort námskeiðið sé styrkhæft í sjóði, þ.e. ef við erum með þær upplýsingar)

Mörg stéttarfélög bjóða upp á styrki vegna námskeiða. Kannaðu málið hjá þínu stéttarfélagi.

Umsóknarfrestur:

27. febrúar 2022